

VERMIR SF.

Ráðgefandi verkfræðingar
Reykjavík

NYTING HVERAVATNS ÚR JARDHITASVÆDINU
VID GEYSI Í HAUKADAL

Raforkumálastjóri,
Reykjavík

Júní 1965

VERMIR SF.

RÁÐGEFANDI VERKFRÆÐINGAR

PÓSTHÓLF 268

REYKJAVÍK

NYTING HVERAVATNS ÚR JARDHITASVÆÐINU VID GEYSI
I HAUKADAL

Raforkumálastjóri,
Reykjavík.

Júní 1965.

EFNISYFIRLIT	Bls.
(1) INNGANGUR	1
(2) MELINGAR Á VATNSRENNSLI OG HITASTIGI Í HVERUM	1
(3) VARMA OG VATNSÞÖRF EINSTAKRA BEJA, HÚSA OG STOFNANNA	4
(4) SKIPTING HVERAVATNSINS	5
(5) NIÐURSTÖÐUR OG TILLOGUR	6

NÝTING HVERAVATNS ÚR JARDHITASVÉDINU VIÐ GEYSI Í HAUKADAL

(1) INNGANGUR

Með bréfi dags. 8.1.1965 óskaði Landbúnaðarráðuneytið þess, að athugaðir væru möguleikar á að leiða heitt vatn frá hvernum Sísjóðanda að Neðradal í Biskupstungum. Mæling sem við framkvæmdum 9. febr. sl. leiddi í ljós að rennsli úr hvernum var aðeins um 0.3 l/sek, í stað þess að vænta hafði verið að þar mætti fá 2-3 l/sek. að minnsta kosti.

I framhaldi af þessu ritaði Landbúnaðarráðuneytið raforkumálastjóra bréf dags. 28.2.1965. og segir þar m.a.:

"Ráðuneytið leyfir sér að snúa sér aftur til þóar, varðandi þetta mál og nú með óskum, að mælt verði rennsli úr þeim hverum, sem hægt muni að nýta og að þér gerið tillögur um nýtingu vatnsins og skiptingu þess á milli þeirra, sem hafa þegar reist mannvirki í nánd við jarðhitasvæðið í Haukadal."

Jarðhitadeild Raforkumálaskrifstofunnar fól VERMI SF. að framkvæma umræddar mælingar og gera tillögur um nýtingu vatnsins og skiptingu milli þeirra aðila er til greina koma.

(2) MÆLINGAR Á VATNSRENNSLI OG HITASTIGI HVERANNA

Mæling á vatnsrennslu úr einstökum hverum eða hvera þyrpingum fór fram 29.4.1965. Mælingastaðir voru valdir með tilliti til aðstöðu við að ná vatninni. Þegar mælingin fór fram var norðan góla, sólskin og loftthiti $10,5^{\circ}\text{C}$. Hitastig var jafnframt mælt í hverunum.

A mynd I. er yfirlit yfir þá hveri sem mældir voru og eru einstakir hverir merktir Nr. 1-9. Mælingastaðir fyrir vatnsrennsli eru merktir M og rómverskri tölu, I-IIIX. Ennfremur sýmir myndim mannvirki í næsta nágrenni hverasvæðisins.

Hér fer á eftir yfirlit um niðurstöðu mælinganna.

(2.01) Mælistærur I

A linu nr. 1 eru nokkrir smáhverir með samrennsli, og var rennsli þeirra mælt í einu lagi.

Rennsli:	985 ml á 7 sek = 0,14 l/sek.
Hitastig í hvera augum	86-92 °C.

(2.02) Mælistærur II

Mælt var í einu lagi rennslið úr hverum sem merktir eru Nr. 2,3,4, og 5 á mynd I. Hverir Nr. 3 og 4 eru tengdir saman með Ø 2" pipu.

Rennsli:	12 l á 6,7 sek = 1,8 l/sek
Hitastig á mælistær	75 °C
Hitastig mælt á 15 sm dýpi í einstökum hverum:	
Hver Nr. 2	98 °C
- - 3	92 -
- - 4	86 -
- - 5	97 -

(2.03) Mælistærur III

Hver Nr. 6. Snerrir. Vatnið kemur í hviðum.

Rennsli, mest	12 l á 7,5 sek = 1,6 l/sek
- minnst	12 l á 11,4 - = 1,05 -
Meðalrennsli	(1,6 + 1,05)/2 = 1,32 -

(2.04) Mælistærur IV

Hver Nr.7, ónafngreindur. Afrennsli pessa hvers er leitt með Ø 2" pipu í hver Nr 8, Sísjóðanda.

Rennsli	12 l á 5,6 sek = 2,14 l/sek
Hitastig á 15 sm dýpi	94 °C

(2.05) Mælistærur V

Hver Nr. 8, Sisjóðandi. I hverinn renna 2,14 l/sek frá Nr. 7, en úr Sisjóðanda rennur vatn eftir pipu í átt að Neðradal (Mælistærur VI). Hér var mælt yfirborðsrennslið frá Nr 8.

Rennsli ll l á ll.6 sek = 0,95 l/sek

Hitastig í Sisjóðanda 97,5° C

(2.06) Mælistærur VI

Leiðsla úr Sisjóðanda að Neðradal. Mælt var a sem næst miðri leið þar sem pipan var sundurtekin.

Rennsli 12 l á 7 sek = 1,72 l/sek

Samkvæmt mælingum V og VI er samanlagt rennsli úr hverum Nr. 7 og 8:

Mælistærur V	0,95 l/sek
- VI	<u>1,72 -</u>
Hverir Nr. 7 og 8 samtals	2,67 l/sek
+ Nr. 7 (mælist. IV)	<u>2,14 -</u>
Rennsli úr Sisjóðanda	0,53 l/sek.

(2.07) Mælistærur VII

Hver Nr 9, ónefndur. Vatn þessa hvers er leitt heim á þeinn Laug um Ø 1½" pipu. Mælt var afrennslið frá Laug.

Rennsli 985 ml á 2,1 sek = 0,47 l/sek

Hitastig í hver Nr.9. 99 ° C.

(2.08) Mælistærur IIX

Afrennslí úr Geysi. Komið var fyrir Ø 4" pipu í stíflu í rennu frá Geysi og vatnsborð hans látið hækka þar til jafnrennsli náðist.

Rennsli 9 l á 4 sek = 2,25 l/sek

Hitastig á 15 sm dypi við útfallsrauf = 83 ° C.

(2.09) Heildar rennsli

Mælistastaður	I	0,14 l/sek
-	II	1,80 -
-	III	1,32 -
-	IV-VI	2,67 -
-	VII	0,47 -
Neðra svæðið alls		6,40 l/sek
Geysir		2,25 -
Heildar rennsli mælt		8,65 l/sek

A mynd Nr.2 eru syndar niðurstöður mælinga vatnsrennslis á Geysis svæðinu er Porkell Porkélsson gerði 1930.

(2.10) Breytingar á hitastigi og rennsli eftir veðmurfari

I kuldaköstum getur hitastigið í hverunum lækkað verulega vegna uppgufunar og kælingar á yfirborði. Staðkunnugir menn halda því fram að rennslið frá hverunum minnki einnig eitthvað i kuldaköstum. Um þetta siðara verður ekkert fullyrt, þar sem areiðanlegar mælingar eru ekki fyrir hendi.

Lækkun vatnshitans hefur veruleg áhrif á nýtingu vatnsins. Til þess að bæta nýtinguna er því aðskilegt að tengja þá hveri, sem samrennsli á að vera á milli, saman með niðurgrófnum pípum. Þá er mikilsvert að bekja yfirborð hveranna sjálfrá i kuldaköstum að vetri til. Þetta mætti gera með snyrtilegum tréfleku.

Loks er það höfuðatriði að einangra vel pípur fra hverum heim að einstökum bæjum. Leyfi til vatnstöku ætti beinlinis að vera háð því að fullnægt væri tilteknúum lágmarksskilyrðum í þessu efni.

(3) VARMA- OG VATNSPÖRF EINSTAKRA BEJA, HÚSA OG STOFNANNA.

Þær aætlanit sem her fara á eftir miðast við þau mannvirkir sem þegar eru reist. Við áætlun varma og vatnsparfa er gengið út frá eftiffarandi forsendum:

$$\text{Aætluð varmapörf húsa við } + 15^{\circ} \text{ C um } 30 \text{ kcal/m}^3/\text{h}$$

- - - gróðurhúsa - - - - 300 - - -

VERMIR SF.

Arrennslishiti við húsegg	75° C
Frárennslishiti frá húsum	45° C

(3.01) Neöridalur i Biskupstungum

Ibúðarhús um	825 m ³
Verkstæði og gripahus	800 -
Samtals	1625 m ³

Vatnspörf núverandi húsa 0.46 l/sek

(3.02) Laug

Torfbær um	240 m ³
Vatnspörf um	0.10 l/sek

(3.03) Iþróttaskólinn, gistihaus og tilheyrandi hús

Iþróttahús	um	1500 m ³
Hótel	-	900 -
Ibúðarhús og geymslur	-	265 -
Útihaus og verkstæði	-	65 -
Samtals um		2.730 m ³

Vatnspörf ofantalinna húsa 0.76 l/sek

Gróðurhús um 600 m³

Vatnspörf gróðurhusa 1.66 l/sek

Heildar vatnspörf hötels og íþróttaskóla 2.42 l/sek

(3.04) Ibúðarhús Greips Sigurðssonar

Ibúðarhús	um	265 m ³
Vatnspörf		0.10 l/sek

(4) SKIPTING HVERAVATNSINS

(4.01) Neöridakur

Neöridalur fær vatn úr hverum Nr. 7 og 8 sjá mynd 1. Heildar rennsli úr hvernnum mældist 2.67 l/sek og hitastig 94-97° C. Vatnspörf núverandi húsa er um 0.46 l/sek. Ábúandanum í Neöraldal mun hafa verið gefið fyrirheit um 2 l/sek, og virðast hverir Nr. 7 og 8 geta séð vel fyrir því.

(4.02) Laug

Bærinn að Laug fær vatn frá hver Nr. 9, en vatnsmagn hans mældist 0.47 l/sek og 99° C hiti.

Vatnspörf núverandi bæjarhusa er aðeins 0.1 l/sek. Eðlilegt

VERMIR SF.

virðist að Laug hafi áfram umráð yfir vatninu úr hver Nr 9. Frá hvernnum liggur ø 1½ " leiðsla um 270 m löng heim á bæinn. Pipan er illa einangruð og liggur í grassverðinum, tapast við það verulegt varmamagn.

(4.03) Iþróttaskólinn og hótel Íð

Pessar byggingar fá eða geta tekið vatn úr hvernum Nr. 1,2,3,4,og 5, en samtals mældist rennsli þeirra 1,94 l/sek, og hitinn 86-98°C. Vatnspörf bygginganna að gróðurhúsunum meðtöldum er 2.42 l/sek miðað 75° C aðrennslishita við húsvegg. Hér vantar því reikningslega um 0.5 l/sek og mætti fá það vatn úr hver Nr.6. Rétt er þó að benda á að séu leiðslur það vel einangraðar að 80° C eða hærri hiti fáist við húsvegg er vatnið frá hvernum Nr 1-5 nægilegt.

(4.04) Íbúðarhús Greips Sigurðssonar.

Þetta hús fær nú vatn úr hver Nr.6, en vatnsmagn hans mældist 1.32 l/sek og hitastig 97° C. Vatnspörf hússins er áætluð 0.10 l/sek. Virðist því vel séð fyrir þörfum þessa notanda þótt 0.5 l/sek af vatninu úr hvernum gengi til Iþróttaskólans.

(5) NIDURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Vatnsrennslið úr hvernum Nr. 1-9 reyndist vera 6.4 l/sek. Vatnspörf peirra bygginga sem nú eru fyrir hendi er áætluð um 3.1 l/sek, en þá er gengið út frá heimæðar seu sómasamlegð einangraðar og ráðstafanir gerðar til þess að draga úr kólnun hveranna sjálfra þegar kaldast er í veðri. Að þessu tilskyldu er hægt að auka enn þá nýtingu hveravatnsins frá þessu svæði.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um þá nýtingarmöguleika sem fyrir hendi eru.

Hver Nr.	Mælt rennsli l/sek	Áætluð vatnspörf l/sek	Möguleg aukning l/sek
Iþróttaskóli og hotel 1-6	3.26	2.42	0
Geipur Sigurðsson	6 -	0.10	0.7
Neðridalur	7 og 8 2.67	0.46	2.2
Laug	9 0.47	0.10	0
Samtals	6.40	3.08	2.9

Varðandi nýtingu hveravatnsins að öðru leyti sýnist ástæða til þess að vekja athygli á eftifarandi almennum atriðum.

Afnot af heitu vatni eru eftirsíknarverö réttindi enda fjárhagslega mikils virði. Af ófullkomnum frágangi heimæða (t.d. lélegri einangrun) leiðir sóun varma sem verður þess valdandi að færri fá notið þeirra hlunninda sem jarðvarminn veitir.

Pegar hið obinbera lætur af hendi afnotarétt jarðhita, ætti sú kvöð að fýlgja að fullnægt væri tilteknum lágmarkskröfum um gerð virkjunar mannvirkja og þá sérstaklega einangrum heimæða og annarra ráðstafana til þess að draga úr sóun varmans.

Miðað við aðstæður á Geysissvæðinu teljum við að miða ætti einangrun við það að hitastig vatnssins við húsvegg væri 80°C hjá Iþróttaskólanum og við hús Greips Sigurðssonar, en 75°C við bæjina Laug og Neðradal sem liggja fjar hverasvæðinu.

Af augljósum ástæðum þarf frágangur á heimæðum og öðrum virkjunar mannvirkjum á Geysissvæðinu að vera snyrtilegur.

VERMIR SF.

VERMIR
S.F.

RAFORKUM'ALASTJ'ORI
JARÐHITADEILD
*Rennslis og hitamældir hverir
á Geysissvæðinu í Haukadal*

1.6.65 SB

Mynd 1

Geysir

○ Strokkur

Litli Geysir ○

M 1:2000

0 100 m

Skyringar

- 1 Nokkrir smáhverir
- 2 Yfirbyggður hver
- 3 Ónafrugreindur hver
- 4 " "
- 5 Sóði
- 6 Snerrir
- 7 Ónafrugreindur hver
- 8 Sísjóðandi
- 9 Ónafrugreindur hver

— Vatnsleiðsla
— Yfirborðrennslí
i skurði
---- Girding

* Mælistadur, römuverskar
tölur sýna númer malingar

Gangstigur

Hlið

íþróttaskóli

sundlaug

Gröðurhús

Gröðurhús

Gröðurhús

AS laus

AS Haukadal

VI




ibúðarhús
Greip's Sigurdssónar

VERMIR
SF.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
JARDHITADEILD
Hverir á Geysissvæðinu Kortlagðir af
þorkeli þorkelssyni árið 1930
Visindafélag Íslands XXV

5.4.65 SB

Mynd 2



Rennslis og hitamælingar
gerðar í ágúst 1930

Hver	Vatnsrennslis	Hitastig
No 8	0,60 litr./sek	99,8°C
No 25	1,35 ---	100°C
No 51	0,10 ---	99,5°C
No 50-52	1,10 ---	100°C
No 54-55	0,50 ---	99,5°C
Geyser	<u>3,40</u>	<u>62,4°C</u>
sumtals	7,05 litr/sek	

Hver No 38 (yfirbyggður) hitar
upp skólahús